

Undirritun samnings við Menntafélagið um að yfirtaka rekstur lðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) undirritaði föstudaginn 29. febrúar samning við Menntafélagið ehf. um að annast rekstur nýs framhaldsskóla er verður til við sameiningu á rekstri [lðnskólans í Reykjavík](#) og [Fjöltækniskóla Íslands](#). Samningurinn er til fimm ára og gildir frá 1. júlí 2008.

Skólinn verður stærsti framhaldsskóli landsins með vel á þriðja þúsund nemendum, 250 starfsmenn og yfir 40 námsbrautir. Námsframboð í hinum nýja skóla verður óbreytt til að byrja með en samið verður um þróun námsframboðs í skólasamningi og komið á fót samráðshópi [menntamálaráðuneytis](#) og skólans um skólaþróun.

Viðræður um sameiningu skólanna hafa staðið í á annað ár en markmið sameiningarinnar og verkefningsins er:

- Að móta öflugan iðn- og starfsmenntaskóla sem verði leiðandi í þróun, kennslu og þjónustu í iðn- og starfsmenntun er skilar nemendum verðmætri menntun og atvinnulífínu hæfu starfsfólki.
- Að fjölga nemendum sem velja sér iðn- eða starfsnám að loknu námi á almennri námsbraut um 10% á samningstímanum.
- Að auka skilvirkni í iðn- og starfsnámi.
- Að draga úr brottfalli í iðn- og starfsnámi um 20% á þremur árum.

- Að jafna hlut kynjanna í einstaka námsgreinum.
- Að gera iðn- og starfsmenntun eftirsóknarverða fyrir ungt fólk og skipa henni veglegan sess í samfélaginu.
- Að fjölga möguleikum nemenda í iðn- og starfsmenntun til að leggja stund á nám til stúdentsprófs og viðbótarnám til háskólaeininga.
- Að efla ábyrgð og áhrif atvinnulífsins á þróun iðn- og starfsmenntunar.

Öllum fastráðnum starfsmönnum lðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands verður boðið starf við hinn nýja skóla og halda þeir réttindum sínum og kjörum óskertum. Nemendur sem stunda nám við Fjöltækniskóla Íslands og lðnskólann í Reykjavík við gildistöku samningsins eiga rétt til að ljúka skilgreindu námi skv. aðalnámskrá framhaldsskóla.

Menntafélagið er í eigu [Samtaka iðnaðarins](#), [Landssambands íslenskra útvegsmanna](#), [Samorku](#), Sambands íslenskra kaupskipaútgerða og [lðnaðarmannafélagsins í Reykjavík](#) og hefur félagið annast rekstur Fjöltækniskóla Íslands með samningi við menntamálaráðuneyti frá árinu 2003. Menntafélagið er ekki rekið í ágóðaskyni heldur rennur allur hugsanlegur ágóði af rekstri þess beint í skólareksturinn.

Samkvæmt samþykktum félagsins munu eigendur þess í upphafi leggja fram 100 milljónir króna til þróunarstarfs í skólanum.

Lífshlaupið í startholunum

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) og Guðlaugur Þór Þórðarson [heilbrigðisráðherra](#) hrintu þriðjudaginn 4. mars af stað verkefninu [Lífshlaupið](#). ÍSÍ ásamt samstarfsaðilum stendur að þessu átaksverkefni en með því er verið að uppfylla nokkur af þeim markmiðum sem sett voru fram í skýrslunni [Íbróttvæðum Ísland](#) á síðasta ári. Lífshlaupið er fyrir alla aldurshópa og markmið þess er að hvetja landsmenn til að gera hreyfingu að föstum liði í lífi sínu.



Ráðherrar íþrótta- og heilbrigðismála í harðri keppni við upphaf átaksverkefningsins Lífshlaupsins

Safnasjóður - úthlutun 2008

[Safnaráð](#) hefur lokið úthlutun úr [safnasjóði](#) fyrir árið 2008. Safnasjóður starfar samkvæmt [safnalögum nr. 106/2001](#) og heyrir undir [menntamálaráðuneyti](#). Úthlutun úr safnasjóði byggir á faglegum forsendum og er hlutverk sjóðsins að styrkja rekstur safna sem sinna varðveislu og miðlun menningarinnar í samræmi við safnalög og alþjóðlegar siðareglur safna.

Fimmtíu og níu umsóknir bárust til sjóðsins og fengu 36 söfn úthlutað rekstrarstyrkjum, samtals að upphæð 72,8 m.kr. Styrkupphæðir eru frá 1-2,5 m.kr. til hvers safns í samræmi við þær starfsreglur sem safnaráð hefur sett við útreikning styrkjanna. Af þeim söfnum sem hlutu styrki að þessu sinni eru 27 staðsett á landsbyggðinni og 9 á höfuðborgarsvæðinu. Styrkur úr safnasjóði er mikilsverð staðfesting á að viðkomandi safn uppfylli faglegar kröfur sem gerðar eru til safna sem koma að söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum og miðlun

íslensks menningar- og náttúruarfs.

Í safnaráði sitja forstöðumenn höfuðsafnanna, fulltrúi [Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) og fulltrúi [FISOS](#), Félags íslenskra safna og safnmanna.

Fjölmennt málþing um Olweusarverkefnið gegn einelti í grunnskólum

Um 130 þátttakendur voru föstudaginn 29. febrúar á málþingi í [Kennaraháskóla Íslands](#) um [Olweusarverkefnið](#) gegn einelti, langflestir úr þáttökuskólum. Á þinginu var fjallað um Olweusaráætlunina gegn einelti á Íslandi frá 2002 til þessa dags þar sem reynt var að meta reynslu og árangur í alþjóðlegu ljósi, bæði með fyrirlestur og umræðum í málstofum. Fulltrúar úr nokkrum grunnskólum greindu frá skólasterfi fyrir og eftir Olweus og hvernig tekist hefur að minnka einelti jafnt og þétt í skólum með markvissum vinnubrögðum. Kynnt var þróunarverkefni í vestræðum Reykjavíkur þar sem Olweusarverkefnið gegnir mikilvægu hlutverki í teymisvinnu allra þeirra sem vinna með börnum, bæði í skólum, tómsundastarfi og íþróttum. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) flutti [ávarp](#) á þinginu en ráðuneytið hefur verið einn af samstarfsaðilum í verkefninu frá upphafi. Hún sagði m.a. að [menntamálaráðuneyti](#) liti mjög jákvæðum augum á Olweusarverkefnið gegn einelti og teldi það dæmi um farsælt samstarf allra aðila skólasamfélagsins til að stuðla með markvissum hætti að aukinni velferð nemenda og betri líðan. Einnig sagði ráðherra: „Einelti er alvarlegt mál og mikilvægt er að bregðast við á faglegan hátt en einelti er ólíðandi. Þótt gert sé ráð fyrir að það taki hvern skóla tvö ár að innleiða Olweusarkerfið gegn einelti er ekki lítið svo á að verkefninu ljúki að tveimur árum



liðnum heldur verði kerfið eðlilegur hluti af skólasterfi viðkomandi skóla“. Þátttakendur lýstu yfir almennri ánægju með málþingið en niðurstöður þess verða nýttar sem hluti af innra mati á verkefninu. Sérstaklega töldu þinggestir mikilvægt að festa í sessi markviss vinnubrögð í skólum gegn einelti til framtíðar.

Íslenska menningarhátíðin í Brussel hafin

Mikið fjölmenni var við opnun íslensku menningarhátíðarinnar í [BOZAR](#) í Brussel þriðjudagskvöldið 26. febrúar sl. [Forsætisráðherra Íslands](#) opnaði hátíðina en einnig fluttu ávörp formaður stjórnar lista- og menningarmiðstöðvarinnar BOZAR, innanríkisráðherra Belga, sendiherra Íslands í Belgíu og yfirmáður BOZAR. Tónlistarhópurinn [Hjaltalín](#) spilaði við opnunina.



Geir H. Haarde forsætisráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Patrick Dewael innanríkisráðherra Belgíu

Þrjár listsýningar voru opnaðar þetta kvöld: samtímamyndlistarsýningin „Dreams of the Sublime and Nowhere in Contemporary Icelandic Art“, málverkasýningin „Magicians of Nature – Kjarval, Davidsson and Georg Gudni – Three Generations of Icelandic Painters“ og fossaverk Rúríar „Water Vocal – Endangered II“. Miðvikudagskvöld var bókmenntadagskrá um „Halldór Laxness og ný klassík á nýrri öld“ og [Þjóðleikhúsið](#) sýndi „Pétur Gaut“ föstudags- og laugardagskvöld. Báðir þessir listviðburðir voru frábærlega sóttir og listamönnum vel fagnað.

